

21 jan. 1983

Um lax í Hlíðarvatni og nágrenni 1982.

Inngangur.

Vegna matsgerðar var undirritaður beðinn að rannsaka hvort lax fyndist nú í Hlíðarvatni og ám sem í það falla, Hraunholtaá og Oddastaðaá.

Árið 1978 höfðu Tumi Tómasson fiskifræðingur og Rolf Gydemo fiskifræðingur fundið laxaseiði í Fossá, Hlíðarvatni og Oddastaðaá (sjá skýrslur Tuma Tómassonar og Rolfs Gydemo frá nov. 1978.).

Lax sem ætlað að ganga upp í Hlíðarvatn verður að ganga úr Oddastaðavatni upp Hraunholtaá, en í ánni er foss sem er fiskgengur. Í Hlíðarvatn kemst lax þó ekki nema í mikilli vætutíð en þá er yfirfall úr Hlíðarvatni yfir í Hraunholtaá. Annars rennur úr Hlíðarvatni neðanjarðar í gegnum hraunið og er ósannað mál hvort lax komist þá leiðina. Í miklum þurrkum getur Hraunholtaá þornað svo til upp.

Af framansögðu virðist sem lax eigi ekki alltaf greiðfara leið upp í Hlíðarvatn. Lax hefur þó komist upp í Hlíðarvatn árin 1977, 1976 og 1974, en 1978 veiddust vorgömuleins- og þriggja vetra gömul laxaseiði í Fossá og Hlíðarvatni. Þessir árgangar ættu að hafa gengið í sjó fyrir 1982 og mátti því ekki gera ráð fyrir því að fá þessa árganga í veiðunum 1982.

Aðferðir.


Þann 29/8 1982 var rafveitt í Fossá (rafv. st. 1) og Djúpaldalsá (rafv. st. 2) og aftur þann 26/lo í Fossá. Mynd 1. sýnir rafveiðistaðina.

Tvö fínriðin net (möskvastærð 10 og 19.5 mm. á milli hnúta) voru lögð í Hlíðarvatn nóttina 28-29/8 (stór laxaseiði, ca. 8-14 cm.) veiðast vel í fínriðnara netið).

Í Hraunholtaá var rafveitt þann 29/8 fyrir ofan (rafv. st. 3) og neðan (rafv. st. 4) við foss.

Sömuleiðis var rafveitt í ánni rétt fyrir ofan brú á Heydalsvegi. Í Oddastaðaá var rafveitt rétt fyrir ofan brú á Heydalsvegi.

Ekki var gerð tilraun til að meta fjölda laxaseiða á rafveiðistöðunum.



MYND 1. RAFVEIÐISTAOÐIR Í NÁGRENNI HLÍÐARVATNS.

Niðurstöður.

Í rafveiðunum í Fossá og Djúpadalsá og sömuleiðis í Hraunholtaá, fyrir ofan og neðan við foss, veiddust eingöngu silungaseiði (sjá nánar í skýrslu um rannsóknir á Hlíðarvatni 1978 og 1982.). Ekkert laxaseiði fékkst heldur í netin sem lágu í vatninu.

Í Hraunholtaá fyrir ofan brú veiddust 6 laxaseiði. Sömuleiðis veiddust laxaseiði í Oddastaðaá skammt fyrir ofan við brú. Lengdar og aldursdreifing laxaseiðanna er sýnd á mynd 2.

Alyktanir.

Þó lax gangi upp í stöðuvötn verður hrygningin að ske í straumvatni. Það er því sjaldnast að lax hrygnir í vötnum sjálfum heldur gengur hann upp í ár sem í vötnin falla eða í útfall þeirra. Seiðin klekist úr hrogni vorið eða sumarið eftir. Seiðin eru þá nokkuð staðbundin, í það minnsta fyrsta árið. Eftir því sem seiðin stækka, þurfa þau grófari botn, en á grófum botni (steinastærð ca. 5-30 cm.) finna seiðin skjól, var fyrir straumi og fæðuframboðið er mest á slíkum stöðum. Þau seiði sem ekki finna heppilegan stað bersst niður með straumi og í vatnið. Sjaldnast fara öll seiðin í vatnið, heldur finna einhver seiði heppilegan stað í ánni. Þannig veiddust t.d. bæði vorgömul og eins vetur gömul laxaseiði árið 1978 í Fossá.

Þar sem ekkert laxseiði veiddist í Fossá, Djúpadalsá né efri hluta Hraunholtaár árið 1982 er næsta víst að lax hefur ekki hrygnt þar árið 1981. Sömuleiðis er ólíklegt að lax hafi hrygnt þar árið 1980.

Stór laxaseiði veiddust heldur ekki í Hlíðarvatni. Af því má ekki draga þá ályktun að engin laxaseiði séu í vatninu. Þó verður það að teljast ólíklegt.

Hraunholtaá. Alþekkt er að laxaseiði sem eru í vötnum, gangi stundum nokkur hundruð metra upp í ár og læki sem í þau falla. Slíkt getur verið tilfellið í Hraunholtaá því laxaseiði eru bara neðarlega í ánni. Ekki er heldur ólíklegt að lax hrygni neðarlega í ánni (sbr. það að vorgömul laxaseiði veiddust fyrir ofan brú). Verður látið liggja milli hluta hvor skýringin sé sú rétta, hugsanlega geta bæðar verið réttar.

Ljóst er þó að Hraunholtaá er ekki öruggt búsvæði fyrir laxaseiði, þó botngerð hennar sé ákjósanleg og hrygningarskilyrði séu sәmileg,



því hún á það til að þorna svo til alveg, t.d. gerðist það í júli og ágúst 1980.

Heildarniðurstaðan varðandi Hlíðarvatn og ár sem í og úr því falla er því eftirfarandi.

Í Hlíðarvatn gengur lax, a.m.k. einstaka ár, en mörg ár gengur lax ekki heldur í vatnið, og þá líklega vegna þess hve ógreiðfæra leið hann á í vatnið.

Oddastaðaá og Oddastaðavatn. Af niðurstöðum rafveiðanna í Oddastaðaá er ljóst að lax hrygnir í ánni, enda eru sæmileg hrygningarskilyrði hér og þar í ánni. Stór hluti laxaseiðanna hlýtur að berast í Oddastaðavatn, því botngerð árinna býður ekki upp á góð skilyrði fyrir stór seiði. Í Oddastaðavatni veiddist reyndar eitt laxaseiði þann 28/8, en það var 12.3 cm. og í sjögöngubúningi. Aldursgreining sýndi að það var þriggja vetra gamalt.

LAX.



Mynd 2. LENGDAR- OG ALDURSDREIFING VEIODRA

LAXASEIÐA Í HRAUNHOLTAÁ OG ODDASTHÓÐAÁ

DANN 29/8 1982.

0⁺ = VORGÖMUL LAXASEIÐI

1⁺ = EINS VETUR GÖMUL LAXA SEIÐI

2⁺ = TVESEJA VETRA —— ——